



Bifhjólatriyggung

Skilmáli nr. BA11

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. BA11.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Bifhjólatriyggung innfelur m.a. ábyrgðartryggingu og slysatryggingu ökumanns og eiganda sem er lögboðin fyrir alla eigendur bifhjóla.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. **Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

I. Almenn ákvæði

1. Innifaldar tryggingar

1.1 Trygging skv. IV., V. og VI. kafla er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hvar gildir tryggingin?

2.1 Tryggingin gildir á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig gildir tryggingin í Bretlandi og Sviss.

2.2 Kaskótrygging skv. V. kafla og hlífðarbúnaðartrygging skv. VI. kafla skilmálans gilda á ferðalagi annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, Bretlandi og í Sviss í allt að 92 daga, talið frá brottfarardegi frá Íslandi, að viðbættum þeim tíma sem nauðsynlegur flutningur á milli þessara landa tekur, enda sé um árstryggingu að ræða.

2.3 Vegna aksturs erlendis, í öðrum ríkjum en framangreindum, skal tryggingartaki hafa alþjóðlegt tryggingarkort vegna ábyrgðartryggingar bifhjólsins, enda eigi viðkomandi ríki aðild að samningi um notkun slíks tryggingarkorts.

2.4 Trygging gildir ekki þegar bifhjól er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki eða þegar bifhjól tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum.¹

2.5 Ákvæði 2.3 og 2.4 gilda ekki um V. og VI. kafla skilmálans.

3. Hvenær gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.

3.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.

3.3 Enda þótt tryggingin falli úr gildi ber VÍS samt áfram ábyrgð gagnvart þriðja aðila á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að tryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið keypt. Ákvæði þetta gildir aðeins um lögboðna ábyrgðartryggingu bifhjóls skv. II. kafla skilmálans.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

4.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5. Varúðarreglur

5.1 Ökumaður hins tryggða bifhjóls skal hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.

¹ Sbr. 2. gr. laga um ökutækjatriyggungar nr. 30/2019.



- að aka því.
- 5.2 Ökumaður skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun bifhjóls né annarra örvandi eða deyfandi efna.
 - 5.3 Ekki skal nota bifhjól til annars aksturs en þess sem getið er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
 - 5.4 Tryggður eigandi eða umráðamaður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun bifhjólsins og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
 - 5.5 Tryggður eigandi eða umráðamaður skal viðhalda bifhjóli í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
 - 5.6 Tryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður bifhjólsins sé ávallt í lagi.
 - 5.7 Við akstur hins tryggða bifhjóls skulu ökumaður og farþegi þess nota hlífðarhjálma ætlaðan til slíkra nota og lágmarks hlífðarfatnað ætlaðan til slíkra nota.
 - 5.8 Þegar lykklar bifhjólsins eru ekki í vörslu tryggðs eða umráðamanns bifhjólsins skal geyma þá í læstu húsnæði eða öðru læstu rými, þó ekki á bifhjólinu sjálfu.
 - 5.9 Tryggður skal fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald hins tryggða.
 - 5.10 Tryggður skal læsa íbúðarhúsum, geymslum, bílskúrum, sumarhúsum og bifreiðum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Tryggður skal sjá til þess að ekki sé skilið við ólæst íbúðarhúsnæði mannaust.
 - 5.11 Tryggður skal sjá til þess að hlutir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.

6. Háttsemi annarra

- 6.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða bifhjóli.
- 6.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins tryggða bifhjóls.

7. Breytt notkun

- 7.1 Tilkynna ber VÍS tafarlaust ef notkun bifhjóls breytist frá því sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð VÍS á tjónsatburði lækkar að tiltölu miðað við hvert verð tryggingar hefði orðið við breytta notkun.²

8. Verð

- 8.1 Grunnverð tryggingarinnar er reiknað út frá notkun og tegund bifhjólsins. Verð kaskótryggingar skv. V. kafla byggir einnig á verðmæti bifhjólsins. Verðið breytist við endurnýjun tryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu og verðskrá VÍS.
- 8.2 Við útreikning grunnverðs tryggingarinnar er ekki gert ráð fyrir endurgreiðslu vegna innlagnar skráningarmarkis.

9. Greiðsla

- 9.1 Krafa um greiðslu fyrir tryggingu fellur í gjalddaga þegar hennar er krafist.
- 9.2 Hafi trygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu tryggingartaka má greiðslufrestur vera sjö dagar hið skemmsta frá þeim degi er greiðslu var krafist. Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi við það tímamark er VÍS heimilt, þrátt fyrir gr. 9.3, að fella trygginguna niður. Skal þá VÍS tilkynna tryggingartakanum þá ákvörðun og senda tilkynningu til Samgöngustofu um lok tryggingarinnar.
- 9.3 Hafi greiðsla, auk áfallins kostnaðar, eigi verið innt af hendi innan 14 daga frá sendingu tilkynningar skv. 1. mgr. 33. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004, eða að liðnum greiðslufresti skv. 2. mgr. 32. gr. sömu laga, fellur trygging bifhjóls úr gildi. VÍS skal tilkynna Samgöngustofu og tryggingartaka um niðurfellinguna.
- 9.4 Lögboðið tryggingariðgjald bifhjóls ásamt vöxtum og kostnaði hvílir sem lögveð á bifhjólinu.³

10. Endurgreiðsla

- 10.1 Ákvæði 9. gr. almenns skilmála nr. YY10 um endurgreiðslu gilda ekki um tryggingar þar sem tekið hefur verið tillit til árstíðarbundinnar notkunar og áhættusveiflna við ákvörðun verðs.
- 10.2 Hafi bifhjólið ekki verið í notkun og skrásetningarmarki þess verið í vörslu

² Sbr. 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

³ Sbr. 12. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.



Samgöngustofu í a.m.k. 30 daga samfleytt, endurgreiðir VÍS verð tryggingar hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið, að frádregnum þeim hluta verðsins sem er fyrir bruna- og þjófnaðaráhættu. Ákvæði þetta gildir aðeins um kaskótryggingu skv. V. kafla skilmálans.

11. Tryggingarfjárhæð

- 11.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Ákvæði þetta gildir um II., III. og IV. kafla skilmálans.
- 11.2 Í kaskótryggingu skv. V. kafla ræðst fjárhæð bóta af verðmæti bifhjólans. Verðmæti bifhjólans er sú upphæð sem sambærilegt bifhjól að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti. Fjárhæð bóta getur þó aldrei orðið hærrí en sú upphæð sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun, ef hún er tilgreind þar.

II. Lögboðin ábyrgðartrygging bifhjólans

12. Hver er tryggður?

- 12.1 Skráður eigandi eða umráðamaður er tryggður.

13. Hvað bætir tryggingin?

- 13.1 Tryggingin nær til sérhverrar skaðabótakröfu sem tryggðum er skylt að tryggja gegn samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, sem eigandi eða umráðamaður hins tryggða ökutækis, vegna tjóns er hlýst af notkun þess.

14. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 14.1 Tryggingin bætir ekki skemmdir á bifhjólinu sjálfu eða öðrum eignum tryggingartaka eða tryggðs. Þó bætir tryggingin skemmdir á eigin bifreið tryggðs af völdum áreksturs hins tryggða bifhjólans.

15. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 15.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

16. Ákvörðun bóta fyrir eignatjón

- 16.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 16.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 16.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi verið greiddar bætur samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 16.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 16.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

17. Endurkrafa

- 17.1 VÍS á endurkröfurétt samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og almennum réttarreglum vegna greiðslu VÍS á bótum, t.d. ef:
- Tjón varð vegna þess að ökumaður, sökum undanfarandi neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna, örvandi eða deyfandi efna, gat ekki stjórnað bifhjóli örugglega eða var óhæfur til þess, samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019.
 - Tjón varð vegna þess að ökumaður hafði ekki þau réttindi og kunnáttu sem þurfti til þess að stjórna viðkomandi bifhjóli.
 - Tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
 - VÍS hefur greitt bætur úr tryggingunni fyrir tjón sem varð þegar liðnir voru 14 dagar frá eigendaskiptum eða tryggingin hafði fallið úr gildi.
 - Bifhjólið var notað til annars aksturs en þess sem getið er í skírteini



- eða endurnýjunarkvittun.
- f) Bifhjólið var leigt án ökumanns andstætt ákvæðum laga um leigu skráningarskyldra ökutækja nr. 65/2015. Sýni tryggður fram á að orsakir tjóns eða það hversu víðtækt tjón er verði ekki rakið til brots á fyrimælum laga þessara á VÍS ekki endurkröfurétt.

18. Staða tjónþola við tjón

- 18.1 VÍS er greiðsluskylt gagnvart tjónþola.⁴ VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 18.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 18.3 Nú tilkynnir tjónþoli að hann hyggist höfða mál á hendur VÍS og getur VÍS þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sínu án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.⁵
- 18.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. og 45. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og ákvæða 19. og 21. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

19. Meðferð bótakrafna

- 19.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 19.2 VÍS kemur fram fyrir hönd tryggðs og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

III. Lögboðin slysatrygging ökumanns og eiganda

20. Hvað er tryggt?

- 20.1 Tryggingin gildir um bifhjól sem ekki eru undanþegin tryggingarskyldu skv. 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

21. Hver er tryggður?

- 21.1 Tryggingartaki og sérhver ökumaður sem ökutækinu stjórnar er tryggður, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi.

22. Hvað bætir tryggingin?

- 22.1 Tryggingin bætir líkamstjón vegna slyss sem:
- Ökumaður verður fyrir við stjórn hins tryggða bifhjóls enda verði slysið rakið til notkunar þess.⁶
 - Tryggingartaki verður fyrir sem farþegi á hinu tryggða bifhjóli, eða af völdum þess enda verði slysið rakið til notkunar bifhjólsins.⁷

23. Ákvörðun bóta

- 23.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón tryggðs á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.
- 23.2 Ef tryggður á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, eða öðrum skaðabótareglum, lækka bætur úr þessari tryggingu sem því nemur.⁸

IV. Slysatrygging ökumanns og eiganda vegna torfæruhjóla (valkvæð)

24. Hvað er tryggt?

- 24.1 Tryggingin gildir um bifhjól sem undanþegin eru tryggingarskyldu skv. 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

⁴ Sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

⁵ Sbr. 2. mgr. 21. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

⁶ Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

⁷ Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

⁸ Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.



25. Hver er tryggður?

25.1 Tryggingartaki og sérhver ökumaður sem bifhjólinu stjórnar er tryggður, enda hafi hann ekki notað bifhjólið í algeru heimildarleysi.

26. Hvað bætir tryggingin?

26.1 Tryggingin bætir líkamstjón⁹ vegna slyss, þegar varanlegur miski er yfir 15 stigum, sem:

- Ökumaður verður fyrir við stjórn hins tryggða bifhjóls enda verði slysið rakið til notkunar þess.¹⁰
- Tryggingartaki verður fyrir sem farþegi á hinu tryggða bifhjóli, eða af völdum þess enda verði slysið rakið til notkunar bifhjólsins.¹¹

27. Hvað bætir tryggingin ekki?

27.1 Tryggingin bætir ekki líkamstjón þar sem varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er undir 15 stigum.

27.2 Sé varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 undir 15 stigum greiðir VÍS ekki fyrir útlagðan kostnað tryggðs s.s. vegna öflunar læknisvottorða og matsgerða.

28. Ákvörðun bóta

28.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón tryggðs á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

28.2 Tryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem VÍS kann að krefjast til að meta ábyrgð sína og greiða út bætur.

28.3 Ef tryggður á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, eða öðrum skaðabótareglum, lækka bætur úr þessari tryggingu sem því nemur.¹²

V. Kaskótrygging bifhjóls (valkvæð)

29. Hvað er tryggt?

29.1 Tryggingin gildir fyrir bifhjól sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

30. Hver er tryggður?

30.1 Eigandi er tryggður.

31. Hvað bætir tryggingin?

31.1 Tryggingin bætir tjón á bifhjólinu vegna:

- Áreksturs þess og annars farartækis, s.s. bifreiðar eða bifhjóls.
- Áaksturs.
- Veltu og hraps.
- Útafaksturs.
- Griðhruns, skriðufalls, snjóflóðs úr fjallshlíð, aur- eða vatnsflóðs, þó ekki vegna sjávarflóða.
- Eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
- Þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar ef atburður á sér stað á Íslandi.
- Óveðurs ef bifhjólið fýkur eða það skemmist vegna áfoks eða áhruns af völdum óveðurs, þó ekki ef sandur, möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það. Með óveðri er átt við þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu, hvort almennt eignatjón hefur orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.
- Flutnings þess um landveg á eða af flutningstæki eða á skipi milli hafna. Skemmdir sem verða þegar það er flutt á milli hafna, bætast þó ekki nema

⁹ Með líkamstjóni er átt við líkamstjón skv. I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993.

¹⁰ Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

¹¹ Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

¹² Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.



um árstryggingu sé að ræða.

- j) Skemmdarverka sem unnin eru af ásettu ráði af öðrum en tryggðum.
- 31.2 Tryggingin bætir björgunar- eða flutningskostnað til næsta viðgerðarverkstæðis sem VÍS fellst á ef bifhjól verður óökufært vegna bótaskylds tjóns á Íslandi.

32. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 32.1 Tryggingin bætir ekki:
- Tjón sem verður á bifhjóli við akstur á vegum eða vegarköflum þar sem bannað er að aka ökutækjum samkvæmt fyrirætlunum réttra yfirvalda, eða við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir á bifhjólinu ef það sannast að þær verða þegar ökumaður hefur orðið að fara út fyrir akbraut, t.d. vegna viðgerðar á akbrautinni. Tryggingin bætir þó tjón á krossara, torfærubifhjól og klifurhjól við akstur um fjörur, forvaða og aðrar vegleysur.
 - Skemmdir er aðeins varða dempara og höggdeyfa.
 - Þjófnað á einstökum hlutum bifhjólsins.
 - Skemmdir sem hljótast af því að laust grjót hrekkur upp undir bifhjólið í akstri.
 - Skemmdir sem hljótast af því að bifhjólið tekur niðri á ójöfnum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu og lausu grjóti.
 - Skemmdir á hvers konar aukaútbúnaði bifhjólsins, t.d. tengivögnum, farsímum, GPS-tækjum og talstöðvum.
 - Skemmdir sem verða á bifhjólinu vegna þátttöku í aksturskeppni eða æfingu fyrir slíka keppni, nema um annað sé samið.
 - Skemmdir á bifhjólinu vegna dýra.
 - Skemmdir af völdum sjóbleytu.

33. Ávörðun bóta

- 33.1 VÍS greiðir bætur fyrir altjón ef:
- 33.1.1 Bifhjólið verður fyrir svo miklum skemmdum að VÍS álitur ekki borga sig að gera við það.
 - 33.1.2 Bifhjólinu er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að VÍS var tilkynnt um atburðinn.
- 33.2 Verði altjón á bifhjóli ræður VÍS hvort það:
- 33.2.1 Greiði verðmæti bifhjólsins gegn afsali.
 - 33.2.2 Greiði mismun á verðmæti bifhjóls fyrir og eftir tjónsatburð.
 - 33.2.3 Útvegi annað bifhjól sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri og gerð. Kjósi VÍS að útvega annað bifhjól hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi tryggingartaka fyrir hinu skemmda bifhjóli.
- 33.3 Bætur fyrir tjón að hluta:
- 33.3.1 Verði tjón á bifhjólinu án þess að skilyrði greina 33.1 - 33.2 séu fyrir hendi greiðir VÍS kostnað við að gera við bifhjólið að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við bifhjólið.
 - 33.3.2 Verði tjón á hjólbörðum og/eða felgum greiðir VÍS aðeins bætur fyrir þá hjólbarða/felgur sem urðu fyrir tjóni, þó að skipta þurfi um aðra/-r.
 - 33.3.3 VÍS hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem VÍS samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
 - 33.3.4 VÍS greiðir ekki bætur vegna skemmda sem voru á ökutæki fyrir tjónsatburð.
 - 33.3.5 VÍS bætir ekki lækkun á markaðsverði bifhjólsins, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.
 - 33.3.6 VÍS er ekki skylt að greiða fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

34. Framsal

- 34.1 Tryggður má ekki án samþykkis VÍS framselja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum.

VI. Hlíðarþjónbúnaðartrygging (valkvæð)

35. Hvað er tryggt?

- 35.1 Tryggingin tekur til sérhæfðs hlífðarþjónbúnaðar sem fylgir notkun bifhjóla, þ.e.

Tryggingin bætir tjón á hlífðarfötum og hjálum sem ekki er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu bifhjólsins eða slýsatryggingu ökumanns og eiganda.



mótorhjólalagalli, hjálmur, hanskar, hlífar og skór.

- 35.2 Tryggingin tekur einnig til fatnaðar sem tryggður klæðist undir hlífðarbúnaði, þegar tjón verður í tengslum við notkun bifhjóls.

36. Hver er tryggður?

- 36.1 Tryggingartaki er tryggður.
36.2 Einnig er fjölskylda tryggingartaka sem hefur sama lögheimili á Íslandi og hann, sameiginlegt heimilishald og býr á sama stað tryggð.

37. Hvað bætir tryggingin?

- 37.1 Tryggingin bætir:
- Tjón sem verða í tengslum við notkun bifhjóls.
 - Tjón vegna eldsvoða og sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlífðarbúnaður sviðnar eða bráðnar ef eldur er ekki laus.
 - Tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða bílskúr og annarri geymslu tilheyrandi íbúðarhúsnæði, sumarhúsi, geymslu utan íbúðarhúsnæðis og bifreið.
 - Tjón af völdum vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum íbúðarhúsnæðis eða bílskúrs og annarri geymslu tilheyrandi íbúðarhúsnæði og á upptök innan veggja hússins.

38. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 38.1 Trygging bætir ekki:
- Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni.
 - Tjón sem má rekja til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins tryggða.
 - Tjón á hlífðarbúnaði sem verður í tengslum við notkun torfæruhjóls, krossara eða klifurhjóls.
 - Skemmdir sem verða á hlífðarbúnaði vegna þátttöku í aksturskeppni eða æfingu fyrir slíka keppni.
 - Tjón sem rekja má til galla.

39. Tryggingarfjárhæð

- 39.1 Hámarksbætur vegna hvers einstaks tjóns koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
39.2 Tryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

40. Ákvörðun bóta

- 40.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlífðarbúnaði, sambærilegum þeim sem skemmdist. Þó eru bætur aldrei hærrí en hámarksupphæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. VÍS er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 40.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 40.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðryrnunar samkvæmt grein 40.1. Hafi verið greiddar bætur samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 40.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 40.5 Minjagildi bætist ekki.
- 40.6 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.
- 40.7 Stolnir munir sem koma fram eftir að VÍS hefur bætt tjón eru eign VÍS og skal þeim skilað til þess. Tryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.